

113 hafa fengið tollvegabréf frá tollyfirvöldunum á höfnum þeim og hafnarstöðum, sem
25. júní getur í 1. og 2. gr. hér að framan.

4. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, enda sé undanþágu beiðst svo tímanlega, að ráðuneytið geti gert nauðsynlegar öryggisráðstafanir, og skal fullnægt skilyrðum þeim, sem ráðuneytið kann að setja fyrir slíkum undanþáguveitingum.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1.—4. gr. hér að framan varða skipstjóra eða flugfarstjóra sektum, allt að kr. 100000.00.

Nú tekur skip, sem í ferð sinni hingað hefir ekki fengið áður afgreiðslu hér á landi, höfn annarsstaðar en á höfnum þeim, sem taldar eru í 1. gr. hér að framan, og skulu þá ekki leyfðar samgöngur við slíkt skip og því tafarlaust vísað til Reykjavíkur eða Akureyrar, nema það sé í nauðum statt. Sama gildir um flugför, sem lenda í öðrum hafnarstöðum en í Reykjavík.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, lögum um breyting á þeim lögum nr. 59 30. des. 1939 og bráðabirgðalögum frá 24. júní 1940, um sama efni.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin 28. gr. reglugerðar nr. 123 25. nóvbr. 1938, um tollheimtu og tolleftirlit.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1940.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

114

25. júní

SAMÞYKKT

um eyðingu svartbaks í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

I. KAFLI

1. gr.

Svartbak skal eyða með skotum. Hreppsnefnd ræður skotmenn sem til þess eru færir, og svo marga sem þurfa þykir. Verðlaun fyrir hvern skotinn svartbak sé 40 aurar, er greiðist eins og fyrir er mælt í lögum um eyðingu svartbaks nr. 66 frá 23. júní 1936. Skotmenn skulu sanna, hve marga svartbaka þeir hafa skotið, á þann hátt að leggja fram á manntalsþingum hægri væng fuglsins, og skal hann þá um leið ónýttur af umboðsmanni hreppsnefndar.

Þá er og gjalddagi skotlauna.

2. gr.

Heimilt er svartbaksskyttu að skjóta svartbak hvar sem er, þó ekki nær friðlýstu eggveri eða selalögnum en gildandi lög ákveða.

II. KAFLI

114

25. júní

3. gr.

Hverjum jarðarabúanda í lögsagnarumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skal heimilt að eyða svartbak með eitri, þó má aðeins láta eitrið í egg, og aðeins leggja hin eitruðu egg út í umflotnar eyjar. Merkja skal eggin orðinu: Eitrað, með lit, sem ekki rennur af.

4. gr.

Hver jarðarabúandi skal skyldur að eyða svartbakseggjum í landareign sinni, ef þess er kostur, og skal jarðarabúandi, sem vanrækir þessa skyldu, hvort heldur af ásetningi eða skeytingarleysi, sæta sektum frá 50—300 kr.

5. gr.

Bannað er að leggja nokkrar hindranir við því, að hin leyfða eyðing eða eitrun fari fram, eða óviðkomandi mönnum að eyðileggja eitur það, sem lagt hefir verið út fyrir svartbak, og skal hver sá, sem gerist brotlegur gegn þessari grein, sæta 10—100 kr. sekt.

6. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

115

26. júní

um hreinsun reykháfa í Borgarneskaupþúni.

1. gr.

Sótara skal skipa í Borgarneskaupþúni. Hreppsnefnd Borgarneshrepps skipar sótara og leggur honum til áhöld til sóthreinsunar á kostnað sveitarsjóðs.

2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa tvisvar á ári. Í fyrra skiptið á tímabilinu 1.—30. apríl og í síðara skiptið á tímabilinu 1.—30. nóvember ár hvert. Skulu allir húseigendur og leigjendur húsa í kaupþúninu, skyldir að nota sótara til hreinsunar og heimila honum nauðsynlegan aðgang að húsum sínum í því skyni, enda beri sótari ábyrgð á að hreinsun fari fram á hinum ákveðnu tímabilum. Reykháfa má ekki hreinsa með því að brenna sótið innan úr þeim.

3. gr.

Aukahreinsun á húsum fari fram, þegar umboðsmaður Brunabótafélags Íslands eða húseigendur óska þess. Er sótara skylt að framkvæma hreinsun innan 5 daga frá því að hann er krafinn um hreinsun. Ofna, eldavélar og pípur frá þeim, ber íbúum